

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. maí 2024

Mál nr. E-4843/2023:

A

(Ólafur Kjartansson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Teitur Gissurarson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl 2024, var höfðað 18. júlí 2023 af A, [...], gegn Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefndu vegna líkamstjóns sem hún varð fyrir sökum slyss í Árbæjarlaug 2. janúar 2022. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefndu eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi en til vara að skaðabótaskylda verði einungis viðurkennd að hluta og málskostnaður verði felldur niður.
- Gengið var á vettvang í upphafi aðalmeðferðar.

Helstu málsatvik

- Stefnandi slasaðist 2. janúar 2022 er hún var stödd í Árbæjarlaug sem stefndi Reykjavíkurborg á og rekur. Stefndi hafði í gildi ábyrgðartryggingu hjá meðstefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. vegna þeirrar starfsemi. Þennan dag var nokkurt frost, að meðaltali 4,7 stiga frost, en úrkomulaust.
- Er slysið átti sér stað var stefnandi ásamt eiginmanni sínum í sundi en þar sem þau eru búsett í öðru sveitarfélagi munu þau ekki fara reglulega í Árbæjarlaug. Þau höfðu þann hátt á að fara ofan í innilaugina og gengu svo ofan í lauginni út og yfir í sundlaugina sjálfa en dvöldu þar ekki heldur héldu til hægri inn í vaðlaug sem einnig er með

setbekkjum. Þar dvaldist þeim skamma stund en um klukkan 16:30 héldu þau í átt að grynnri enda vaðlaugarinnar og hugðust fara ofan í nærliggjandi heitan pott og var stefnandi á undan en eiginmaður hennar spölkorn á eftir. Er upp á bakkann var komið gekk stefnandi fáein skref eftir rauðu mjúku undirlagi sem er á sundlaugarbakkanum en er hún var komin hálf leið að pottinum rann hún á ísingu sem var á gönguleið hennar og datt illa og slasaðist á fæti. Eiginmaður hennar hjálpaði henni að standa upp en mun sjálfur hafa átt í erfiðleikum með að fóta sig og bar um það í málflutningi að hafa sjálfur verið því sem næst dottinn. Stefnandi mun hafa átt erfitt með gang og því hafi þau farið í heita pottinn þar skammt frá í stutta stund á meðan hún jafnaði sig lítillega og héldu svo aftur sömu leið og þau höfðu komið inn í innilaugina. Á leið sinni í átt að búningsklefum er upp úr lauginni var komið hittu þau vaktstjóra kvöldvaktar sundlaugarinnar sem tekið hafði við vaktinni klukkan 16:00. Hann var þá á leið út að sundlauginni með saltfötu í hendi til að salta sundlaugarbakkann. Fyrir dómi bar hann um að tilefni þess hefði verið að annar sundlaugargestur hefði látið vita að ísing hefði myndast á bakkanum. Eiginmaður stefnanda skiptist á orðum við vaktstjóran og greindi honum frá því sem gerst hafði og í kjölfarið benti vaktstjórinn þeim á að hafa samband við afgreiðslu sundlaugarinnar ef þau þyrftu á liðsinni starfsmanna að halda vegna slyssins. Þau nýttu sér það ekki heldur fóru á eigin vegum á bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss. Þar kom í ljós að stefnandi hafði orðið fyrir áverka á ristarbeinum og liðböndum sem kröfðust aðgerðar bæklunarskurðlæknis og fór hún fram 14. janúar 2022. Samkvæmt vottorði bæklunarlæknisins frá 31. október 2022 hafði stefnandi orðið fyrir frekar hvímléiðum ristaráverka sem þekktur væri fyrir að valda álagstengdum verkjum vegna þreytueinkenna við athafnir, svo sem langvarandi stöðu á hörðu undirlagi, göngur, hlaup og annað þungt álag hvort sem það tengdist vinnu eða frístundum. Fram kom að horfur stefnanda væru dálítið á reiki þar sem hún varð þunguð skömmu eftir slysið og því hefði hefðbundnu eftirliti ekki verið til að dreifa. Fyrir dómi greindi stefnandi frá því að hún hefði á ný gengist undir aðgerð í nóvember 2023 þar sem plata og fjórar af sex skrúfum sem komið hafði verið fyrir í aðgerðinni voru fjarlægðar.

7. Upplýst er og óumdeilt að þegar slys stefnanda átti sér stað var umtalsvert frost, eins og áður var getið, og af óþekktum ástæðum var snjóbræðslukerfi sem er á sundlaugarbakka Árbæjarlaugar ekki á fullum afköstum þannig að hætta á ísingu skapaðist á bakkanum því að vatnið á kerfinu var ekki nægjanlega heitt. Vaktstjóri dagvaktar Árbæjarlaugar bar um fyrir dómi að vart hefði orðið við þessa bilun í vikunni á undan, sem sagt milli jóla

og nýárs, en sagðist hafa haldið að það hefði verið búið að laga þetta. Hún gat ekki borið um það sökum vankunnáttu hver hitinn á vatninu í snjóbræðslukerfinu hefði verið eða ætti að vera, sagðist ekki hafa vit á því hvernig lesa ætti úr mælum kerfisins. Hvorki henni né öðrum starfsmönnum sundlaugarinnar hefði verið ljóst í hverju bilunin fólst né hvenær og hvernig við henni hefði verið brugðist.

8. Fyrir liggur að ekkert var skráð af starfsmönnum um atburði þessa dags, hvorki nefnt ólag á snjóbræðslukerfinu, söltun og nauðsyn hennar eða önnur viðbrögð vegna háلكu. Engar ljósmyndir voru teknar á vettvangi af þeirra hálfu eftir slys stefnanda.
9. Fyrir liggur að starfsmönnum sundlaugarinnar var kunnugt um háلكumyndun vegna vanvirkni snjóbræðslukerfisins. Fram kom í framburði þeirra fyrir dómi að við því ástandi hefði verið brugðist með því að dreifa salti á sundlaugarbakkann eftir þörfum og reglulega. Staðhæft var af hálfu starfsmanna að söltun á útisvæði hefði farið fram að minnsta kosti á um það bil 45 mínútna fresti og vaktstjóri kvöldvaktar sagði að slíkt hefði verið gert á 30 mínútna fresti. Staðhæft er einnig að á slysdegi hefði útisvæðið, þar á meðal svæðið þar sem stefnandi datt, verið saltað í mesta lagi 45 mínútum áður en stefnandi féll með þeim afleiðingum sem mál þetta varðar, hugsanlega nokkru fyrr. Umdeilt er í málinu hvenær morgunvakt sundlaugarstarfsmanna á að hafa sinnt þessu í síðasta sinn fyrir vaktaskipti sem voru klukkan 16:00. Stefnandi og eiginmaður hennar mættu flokksstjóra kvöldvaktarinnar hálf tíma síðar sem var á leiðinni til að sinna þessu verkefni í tilefni af tilkynningu sundlaugargests, eins og áður gat.
10. Eins er deilt um um hvort sérstök varúðarskilti hafi verið sett upp vegna þessa ástands en varað var við háلكu á skiltum sem voru á útgöngudyrum og byggt á því af hálfu stefnda Reykjavíkurborgar að á einum tilgreindum stað við sundlaugarbakkann við vaðlaugina sem stefnandi kom upp úr hefði verið skilti þar sem varað var við háلكu auk annars skiltis sem hefði verið annars staðar við sundlaugina. Stefnandi og eiginmaður hennar báru um að hafa ekki séð skilti sem þetta á leið sinni upp úr vaðlauginni í áttina að heita pottinum.
11. Móðir stefnanda hafði samband símleiðis daginn eftir slys stefnanda við þáverandi forsvarsmann Árbæjarlaugar en hann var ekki við störf þessa daga vegna sóttkvíar sökum heimsfaraldurs Covid-19. Hann greindi móður stefnanda frá því að vaktstjóri morgunvaktar hefði greint sér frá ólaginu á snjóbræðslukerfinu. Í kjölfar samtals þeirra hlutaðist hann til um að rituð var slysaskýrsla en í henni kom í raun ekki annað fram en að stefnandi hefði dottið á sundlaugarbakka og hlotið áverka á fæti og komið sér sjálf til læknis.

12. Af hálfu stefnanda var óskað eftir gögnum og afstöðu til bótaskyldu frá stefnda Reykjavíkurborg 21. janúar 2022. Brugðist var við því erindi 2. febrúar og gerð grein fyrir því að í gildi væri ábyrgðartrygging stefnda hjá meðstefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og stefnanda bent á að hafa samband við tryggingafélagið, sem hún gerði í kjölfarið.
13. Með orðsendingu sem send var 7. mars 2022 var stefnanda tilkynnt að það væri mat stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. að um óhappatilvik væri að ræða sem ekki yrði rakið til bótaskyldrar háttsemi. Athygli stefnanda var vakin á að skjóta mætti málinu til úrlausnar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, sem hún gerði 12. júlí 2022.
14. Nefndin kvað upp úrskurð 11. október 2022 og komst að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu stefnda Reykjavíkurborgar hjá meðstefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Sú niðurstaða byggðist á þeim röksemdum að starfsmenn sundlaugarinnar hefðu verið sér meðvitaðir um að snjóbræðslukerfi á sundlaugarsvæðinu gengi ekki á fullum afköstum og því hefðu þeir haft sérstakt eftirlit með svæðinu þennan dag. Á hinn bóginn lægi ekki fyrir nákvæmlega í hverju þetta eftirlit hefði falist umfram það að starfsmennirnir hefðu saltað útisvæðið reglulega en ekki lægju fyrir upplýsingar um það hvenær og hvar saltað hefði verið. Þegar fyrir lægi vitneskja um að aðstæður væru sérstakar eins og viðurkennt væri að þær hefðu verið á slysdegi dygðu almennar tilvísanir um þær ráðstafanir sem starfsmenn hefðu gripið til ekki svo sýnt væri fram á að þær hefðu verið nægar til að taka á þeirri sérstöku hættu sem gat skapast fyrir sundlaugargesti umfram þá hættu sem venjulega væri vegna veðuraðstæðna á opnum sundlaugarstað þar sem vænta mætti nokkurrar umferðar sundlaugargesta milli laugar og potta. Hallann af sönnunarskorti um það hvort gripið hefði verið til nægra ráðstafana til að takmarka hálkuhættu í þessum efnum yrði stefndi Reykjavíkurborg að bera.
15. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. lýsti því yfir 9. nóvember 2022 að því væri hafnað að hlíta úrskurði nefndarinnar.
16. Stefnanda var veitt gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 27. júní 2023 og höfðaði mál þetta í kjölfarið
17. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu og vitnaskýrslu gáfu B, fyrrum starfsmaður Árbæjarlaugar, C, fyrrum starfsmaður Árbæjarlaugar, D, starfsmaður Árbæjarlaugar, E, móðir stefnanda, og F, eiginmaður stefnanda.

Helstu málsástæður stefnanda

18. Stefnandi byggir á því að stefndi Reykjavíkurborg beri fulla og ótakmarkaða skaðabótaábyrgð á tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir 2. janúar 2022 samkvæmt meginreglum skaðabótarréttar, einkum sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Á því sé byggt að slys stefnanda megi rekja til saknæms vanbúnaðar á búnaði sundlaugarinnar sem ekki hafi verið í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010, sbr. 15. tölulið 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem gildi um alla sund- og baðstaði sem almenningur hafi aðgang að, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Rík skylda hvíli á umráðamönnum fasteigna til að takmarka slyshættu á stöðum sem opnir séu almenningi. Sérstakar skyldur séu lagðar á eigendur og rekstraraðila sundlauga. Þeim hafi ekki verið sinnt hér, en fram komi í umsögn forstöðumanns Árbæjarlaugar að snjóbræðslukerfi hafi ekki unnið á fullum afköstum þar sem ekki hafi farið fullur hiti inn á kerfið. Þá hafi ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir vegna þessa á þeim stað þar sem slysið varð en sá staður hafi verið ósaltaður og glerháll.
19. Í kafla 8.3 í öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði, sem Umhverfisstofnun hafi gefið út, komi fram að sérstaklega skuli gæta að þeim svæðum þar sem gólf geta verið blaut, svo sem við tröppur sundlauga, við steypiböð, salerni, búningsklefa og víðar en slysið hafi orðið þegar stefnandi hafi verið að stíga upp úr lauginni.
20. Þá byggji stefnandi á því að ekki hafi verið farið eftir 1. mgr. 12. gr. reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum þar sem engin varúðarskilti hafi verið sjáanleg á slysstað en samkvæmt greininni skuli staðsetning skilta vera þannig að laugargestir komist ekki hjá því að sjá skiltin. Þá kemur fram í kafla 3.1 í öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði að þegar bilun sé í snjóbræðslukerfi þurfi starfsmenn að salta og/eða setja út áberandi skilti um að laugarbakkinn sé háll. Í kafla 3.11 í sömu öryggishandbók segir svo að staðsetning hálkuvíðvörunarmerkja skuli vera á laugarbökkum og þar sem það á við. Stefndu beri sönnunarbyrði þess að til staðar hafi verið greinilegar merkingar. Skilti við útgang sundlaugar hafi verið óskýr og hálkuvíðvörunarskilti sem forstöðumaður Árbæjarlaugar vísi til hafi ekki verið sjáanlegt á slysstað. Í kjölfar slyssins hafi starfsmaður komið á vettvang og gert úrbætur á merkingum með því að færa skilti við innilaug út að ábendingu eiginmanns stefnanda. Það feli í sér viðurkenningu á að fyrri aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi.

21. Þá er byggt á því að eftirliti með laugargestum hafi verið ábótavant en í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 814/2010 segi að tryggja skuli að starfsmenn sem sinna laugargæslu fylgist stöðugt með gestum í laugum og á laugarsvæði og hafi eftirlit og yfirsýn yfir alla hluta laugar og sinni ekki öðru starfi samhliða. Enginn starfsmaður hafi orðið vitni að slysinu samkvæmt umsögn forstöðumanns Árbæjarlaugar og enginn þeirra hafi boðist til að hjálpa henni við að komast undir læknishendur.
22. Óumdeilt sé að starfsmenn stefnda Reykjavíkurborgar hafi vitað að snjóbræðslukerfið hafði takmarkaða virkni á slysdegi. Við slíkar aðstæður hafi starfsmönnum borið að grípa til viðeigandi ráðstafana til að takmarka hálkuhættu og hafa sérstakt eftirlit með svæðinu. Engar skráningar liggi fyrir um að gripið hafi verið til slíkra aðgerða eða eftirlits, annað en almenn tilvísun í að útisvæði hafi verið saltað reglulega. Byggt sé á að stefndi Reykjavíkurborg beri sönnunarbyrði fyrir því að nægar ráðstafanir hafi verið gerðar til að taka á þeirri sérstöku hættu sem skapaðist vegna aðstæðna. Um sé að ræða sundstað opinn almenningi og vænta megi nokkurrar umferðar sundlaugargesta milli laugar og potta. Við þær aðstæður sem hafi verið þegar slysið varð hafi stefnda Reykjavíkurborg borið að sýna sérstaka aðgát og bæði gera ráðstafanir og skrá þær hjá sér.
23. Starfsmönnum sundlaugarinnar hafi verið ljós mikil slyshætta enda komi fram í umsögn forstöðumanns Árbæjarlaugar að starfsfólk hafi verið meðvitað um að snjóbræðslukerfið hefði ekki unnið á fullum afköstum þennan dag og það hefði því saltað reglulega. Stefndi Reykjavíkurborg hafi þannig verið grandsamur um hættu á hálku við sundlaugina, en í kafla 3.1 í öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði segi að þegar bilun sé í snjóbræðslukerfi þurfi starfsmenn allan tímann sem gestir eru í lauginni að fylgjast með því að söltun hafi haft tilskilin áhrif og að hálka sé ekki að aukast vegna veðurfarsbreytinga. Á hinn bóginn megi ljóst vera að söltun hafi ekki verið fyrir að fara á slyssað enda glerhált á þeim stað.
24. Sagnæmi stefnda Reykjavíkurborgar, eiganda sundlaugarinnar, felist þannig í því að fara ekki að fyrirmælum um merkingar, eftirlit með sundlauginni og enn fremur að grípa ekki til aðgerða vegna þeirrar sérstöku hættu sem var fyrir hendi vegna aðstæðna á slysdegi. Stefnandi byggir á því að skýr orsakatengsl séu á milli áverka hennar og alvarleika þeirra og sagnæmrar háttsemi stefnda Reykjavíkurborgar og/eða starfsmanna hans. Að mati stefnanda hefði verið unnt að koma í veg fyrir tjón hennar hefði aðbúnaður verið fullnægjandi.

25. Byggt sé á áliti sérfræðings í bæklunarlækningum um að afar líklegt sé að um varanlegt líkamstjón sé að ræða sem muni hafa neikvæð áhrif á möguleika stefnanda til að stunda líkamlega vinnu og frístundir til framtíðar. Sérstaklega verði að horfa til þess að stefnandi er hársnyrtir og þar sem þreytueinkenni vegna áverkans komi meðal annars fram við langvarandi stöður á hörðu gólfi muni áverkinn hafa töluverð áhrif á getu hennar til þess starfs.

Helstu málsástæður stefndu

26. Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að slysið sé ekki að rekja til atvika eða aðstæðna sem váttryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Þannig sé hvorki sannað að athafnir eða athafnaleysi váttryggingartaka eða starfsmanna hans hafi verið frábrugðið því sem búast mætti við miðað við aðstæður né sé sannað að nokkrar slíkar athafnir eða athafnaleysi hafi verið orsök slyss stefnanda. Af gögnum málsins megi ráða að slysið hafi verið að rekja til óhappatilviljunar og/eða eigin sakar stefnanda.
27. Á því sé enn fremur byggt að ekkert liggi fyrir í gögnum málsins sem bendi til þess að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi verið orsök þess slyss sem deilt er um í málinu. Eins og hafi verið lýst í gögnum málsins virðist slyss stefnanda hafa gerst þegar hún hafi verið að stíga upp úr vaðlauginni umrætt sinn. Hún hafi runnið til og dottið. Starfsmenn váttryggingartaka hafi saltað þetta svæði stuttu áður en auk þess hafi verið gætt samviskusamlega að hálkuvörnum allan daginn. Er því sérstaklega hafnað fullyrðingu í stefnu um að sá staður sem slysið varð á hafi verið *ósaltaður og glerháll*. Þykir raunar mega ganga út frá því að hann hafi verið saltaður stuttu áður.
28. Ljóst sé að engin þeirra reglugerðargreina sem stefnandi vísi til í stefnu kveði á um að athafnir eða viðbrögð starfsmanna váttryggingartaka hefðu átt að vera öðruvísi en þau voru á slysdegi. Þannig sé kveðið á um það í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum að gönguleiðum við útilaugar skuli halda frostfríum en eins og margoft hafi verið lýst í gögnum málsins hafi starfsmenn váttryggingartaka gert allt sem unnt hafi verið til að halda svæðinu vel söltuðu og hálkufríu. Þannig sé ljóst að snjóbræðslukerfi hafi verið í gangi, þótt það hafi ekki unnið á fullum afköstum, en einnig hafi söltun og eftirlit með háлку verið sérstaklega mikið þennan dag. Í því tilliti verði ekki hjá því komist að nefna að í kafla 8.3 í Öryggishandbók fyrir sundstaði, sem stefnandi vísi til, segi: *Til þess að verjast háлку í kringum sundlaugina sjálfa verða*

starfsmenn að salta. Ljóst sé að þessa skyldu hafi starfsmenn stefnda uppfyllt en þeir hafi saltað útisvæði og hálkubletti oftár en á klukkutíma fresti.

29. Þá sé kveðið á um það í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 sem stefnandi vísar til að merkja skuli meðal annars með sjáanlegum skiltum hættu eins og hálfu á laugarbökkum og að staðsetning skilta skuli vera þannig að laugargestir komist ekki hjá því að sjá þau. Svo sem ítrekað sé lýst í gögnum málsins hafi á slysdegi verið tvö skilti að finna á útisvæði sem hafi gefið til kynna að laugarbakkinn væri háll. Þeir staðir sem talið er að skiltin hafi verið á á slysdegi séu merktir með rauðum þríhyrningum inn á ljósmynd sem stefnandi lagði fram. Eins og þar megi sjá hafi annað skiltið verið við útgang úr kvennaklefa út á útisvæði, en hitt hafi verið við vaðlaugina sem stefnandi hafi verið að stíga upp úr þegar hún féll. Þessu til viðbótar hafi verið greinilegar merkingar á hurðum við útgang.
30. Samkvæmt þessu sé öruggt að starfsmenn váttryggingartaka hafi gætt að því að hafa merkingar sem gæfu til kynna hálfu á útisvæði og að þau hafi verið á áberandi stöðum. Má einnig telja öruggt að stefnanda hafi ekki getað yfirsétt þessi skilti, en í því tilliti skal aftur hnykkt á því að annað skiltið var við útgang úr kvennaklefa og hitt við vaðlaugina, nokkra metra frá þeim stað þar sem talið er að slysið hafi átt sér stað. Meði því telja að váttryggingartaki og starfsmenn hans hafi uppfyllt allar skyldur sínar rækilega samkvæmt framangreindu. Því sé sérstaklega hafnað óstuddum fullyrðingum stefnanda um að skilti hafi verið óskýr eða ósjáanleg, og að athafnir starfsmanns váttryggingartaka í kjölfar slyssins hafi falið í sér einhvers konar viðurkenningu á að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi. Verði einmitt að telja í ljósi alls framangreinds að merkingar og staðsetning skilta hafi verið meira en fullnægjandi, enda hefur verið sýnt fram á að stefnandi hafi a.m.k. þrisvar sinnum getað séð skilti með hálkumerkingum á leið sinni að slysstað. Sé þannig hvorki sannað að aðbúnaður hafi verið ófullnægjandi né að það hefði haft áhrif á slys stefnanda ef skilti hefðu verið fleiri, öðruvísi eða annars staðar.
31. Meði í þessu tilliti undirstrika að í kafla 3.1 í nefndri öryggishandbók fyrir sund- og baðstað segi að þegar bilun sé í snjóbræðslukerfi þurfi starfsmenn að salta og/eða setja út áberandi skilti um að laugarbakkinn sé háll. Framangreind tilvísun til þess að starfsmenn skuli salta og/eða setja út áberandi skilti um að laugarbakkinn sé háll undirstrikar að til að uppfylla skyldur sínar að þessu leyti nægi að starfsmenn geri annað hvort. Liggur á hinn bóginn fyrir að starfsmenn gerðu hvoru tveggja, söltuðu reglulega og höfðu úti að minnsta kosti tvö skilti til upplýsingar um það að laugarbakkinn væri háll

og með því hafi þeir ekki bara uppfyllt skyldur sínar sem stefnandi vísar til heldur gengið lengra í þeim efnum. Enn fremur skuli bent á að það að snjóbræðslukerfi hafi ekki unnið á fullum afköstum leiði ekki eitt og sér til þess að stefndu hafi sýnt af sér sök í málinu. Ekkert af þeim reglugerðarákvæðum sem stefnandi vísar til kveði á um skyldu til að hafa snjóbræðslukerfi. Þá megi benda á að í gátlista við gerð áhættumats sem fylgi sem fylgiskjal við margnefnda öryggishandbók sé sérstaklega gert ráð fyrir því að sundlaugarbakki geti verið óupphitaður. Sú lausn sem lögð sé til vegna þess er að helstu gönguleiðir séu saltaðar. Gætt hafi verið að því eins og margoft hafi verið nefnt.

32. Stefndu vísi enn fremur til þess að starfsmaður váttryggingartaka hafi tekið á móti eiginmanni stefnanda og bent þeim á að leita aðstoðar í afgreiðslu. Skilaboð eiginmannsins hafi á hinn bóginn frekar verið á þá leið að salta þyrfti úti en að aðstoðar væri þörf. Því hafi starfsmaðurinn farið út að salta, en ekki aðstoðað stefnanda. Hún hafi ekki leitað aðstoðar heldur farið sjálf á bráðamóttöku og því sé af þeim sökum hafnað að enginn starfsmaður hafi boðist til að hjálpa stefnanda. Þá verði ekki talið hafa þýðingu í málinu að enginn starfsmaður hafi orðið vitni að slysinu, enda augljóst að starfsmenn geti ekki fylgst með hverri hreyfingu hvers einasta sundlaugargests. Þá verði hvort tveggja framangreint ekki talið hafa neina þýðingu fyrir mat á skaðabótaábyrgð stefndu.
33. Stefndu hafi í aðalatriðum ekki dregið í efa lýsingu stefnanda á atvikum, þar á meðal varðandi það að hún hafi runnið til og dottið eins og hún lýsi og að það kunni að hafa verið vegna hálkumyndunar. Þá liggi fyrir hvar nákvæmlega slysið varð samkvæmt lýsingum stefnanda, auk þess sem staðsetning hálkumerkinga sé fyrirbyggjandi og söltun hafi verið regluleg. Því verði ekki talið að viðbrögð váttryggingartaka í kjölfar slyssins, þar á meðal varðandi hugsanlega rannsókn málsins, hafi leitt til þess að atriði sem skipti máli séu óupplýst eða hafi að öðru leyti áhrif á mat á skaðabótaábyrgð.
34. Stefndu byggi á því, í ljósi alls framangreinds, að starfsmenn váttryggingartaka hafi gert allt sem í þeirra valdi stóð á slysdegi til að koma í veg fyrir slysið og váttryggingartaki hafi því uppfyllt allar skyldur sínar í því tilliti.
35. Ef niðurstaða dómsins yrði að váttryggingartaki hefði þrátt fyrir allt framangreint sýnt af sér gáleysi telji stefndu að með því væru gerðar kröfur sem ómögulegt væri að uppfylla. Það gefi augaleið að ómögulegt sé á sundlaugarbakka í fimm stiga frosti að hafa skilti á öllum mögulegum stöðum þar sem hálkublettir kynnu að myndast. Sömuleiðis sé ómögulegt að sjá til þess að hver einasti fersentimetri laugarbakkans sé á hverjum tíma þakinn salti. Á þetta ekki síst við á þeim stað sem slysið er talið hafa orðið, en eins og

fram komi á fyrirbyggjandi mynd þar sem slysstaðurinn er merktur virðist það hafa orðið afar nærri sundlauginni sjálfri, líklega innan við einn metra frá henni, og því ljóst að mikil hættu hafi verið á að vatn bærist þangað, sem gæti skolað einhverju af salti burt frekar en á öðrum þurrari stöðum laugarsvæðisins. Engin leið sé að koma í veg fyrir hvern einasta mögulega hálkustað sundlauga. Slíkt sé einfaldlega eðli sundlaugarstaða.

36. Að öllu framangreindu virtu telja stefndu ljóst að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns stefnanda. Því verði að telja að óhappatilviljun hafi leitt til slyssins. Því verði skaðabótaskylda vegna tjónsins ekki lögð á stefndu, og beri því að sýkna þá.
37. Stefndu byggja auk alls framangreinds á því að hafi einhver sýnt af sér sök í málinu, sem leitt hafi til slyss stefnanda, hafi það verið stefnandi sjálf. Svo sem lýst hafi verið að framan megi ljóst vera að stefnandi hafi séð að minnsta kosti eina, og allt að því þrjár, merkingar um að hált væri á útisvæði áður en slysið hafi orðið. Þar fyrir utan megi fullyrða að allir sem nýta sér sundlaugar landsins séu meðvitaðir um að gæta þurfi að sér þegar farið er um útisvæði sundlauga, enda megi ætla að flestum Íslendingum sé frá blautu barnsbeini uppálagt að fara með gát við sundlaugarbakka. Ekki verður heldur fram hjá því litið að eins og áður hefur verið lýst hafi slysið orðið á stað verulega nálægt vaðlauginni sem stefnandi var að stíga upp úr og því hafi stefnanda mátt vera ljóst að henni bæri að gæta að sér. Átti þetta ekki síst við í ljósi þess hvernig viðraði á slysdegi, og fjölda hálkumerkinga á svæðinu
38. Vegna þess hvernig fór megi gera ráð fyrir því að stefnandi hafi ekki gætt að sér eins og henni bar miðað við aðstæður þegar slysið varð. Í öllu falli megi ljóst vera að slyss stefnanda sé ekki að rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans. Hafi slysið verið að rekja til sakar einhvers sé það því sök stefnanda sjálfrar. Af því leiði að stefndu beri ekki greiðslu- eða skaðabótaskyldu vegna slyss stefnanda, og því beri að sýkna stefndu.
39. Varakrafa stefndu um viðurkenningu á dómkröfu stefnanda að hluta byggist á sömu málsástæðum og lýst hafi verið að framan. Eins og hafi verið rakið ítarlega telja stefndu enga sök í málinu vera að rekja til váttryggingartaka eða starfsmanna hans. Verði talið að váttryggingartaki eða starfsmenn hans hafi þrátt fyrir allt sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi verið orsakavaldur slyss stefnanda telji stefndu engu að síður að stefnandi hafi einnig sýnt af sér sök í málinu sem hafi verið aðal- eða meðorsök slyssins, eins og áður

er lýst. Af því leiði að ekki beri að viðurkenna rétt hennar til bóta að fullu, og að hún skuli bera hluta tjónsins sjálf.

Niðurstaða

40. Óumdeilt er að stefnandi datt í hálfu vegna ísingar á leið sinni milli vaðlaugar og heits potts í Árbæjarlaug 2. janúar 2022. Einnig er óumdeilt að verulegt frost var þennan dag og starfsmenn laugarinnar voru sér meðvitaðir um að snjóbræðslukerfi í sundlaugarbökkunum skilaði af óþekktum ástæðum ekki tilætluðum árangri við að koma í veg fyrir að ísing myndast á bökkunum og því þurfti að bera salt á sundlaugarbakkana. Loks liggur fyrir óumdeilt að engin samtímaskráning fór fram á atburðum þessa dags, hvorki vegna snjóbræðslunnar og söltunar né vegna slyss stefnanda.
41. Að sama skapi er óumdeilt í málinu að reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sem sett er á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á við í máli þessu sem og öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði sem gefin var út af Umhverfisstofnun árið 2013.
42. Til þess er sérstaklega að líta að í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 814/2010 er meðal annars kveðið á um skyldu til halda gönguleiðum við útilaugar frostfríum. Þá er í 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar meðal annars tekið fram að merkja skuli greinilega hálfu á laugarbökkum og annað það sem nauðsynlegt þykir vegna öryggis sundgesta og tekið fram að staðsetning skilta skuli vera þannig að laugargestir komist ekki hjá því að sjá skiltin.
43. Því hefur verið slegið föstu, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 291/2022 frá 12. október 2023, að nefnd reglugerð hafi að geyma sérstakar og nokkuð strangar reglur um aðbúnað á sund- og baðstöðum til að stemma stigu við slysum og óhöppum og af því leiði að ríkar kröfur séu gerðar um að sérstakrar varúðar sé gætt um allan aðbúnað á slíkum stöðum. Fram kemur meðal annars í 14. efnisgrein dómsins að draga megi af þessu þá ályktun að gera megi þá kröfu til rekstraraðila sund- og baðstaða að tryggja að orsakir slysa séu rannsakaðar og að haldið sé til haga gögnum um aðbúnað sem varpað geti ljósi á aðdraganda þeirra.
44. Þá er í áður nefndri öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði umfjöllun um áhættumat og hvaða fimm atriði þurfi að uppfylla svo hámarksárangri verði náð í því að gæta öryggis gesta. Meðal þessara atriða er 4. atriðið sem lýtur að því að sund- og baðstaðir haldi *dagbók* þar sem eigi að skrá þær slysaáhrif eða hættur sem finnast og þau úrræði sem beitt sé til að koma í veg fyrir slíkt. Tekið er eftirfarandi dæmi: *Áður en sundlaug er*

opnuð á starfsmaður að fara yfir laugarsvæðið samkvæmt gátlista daglegrar öryggisskoðunar (sjá fylgiskjal 7) og kanna að öll atriði sem þar eru talin upp séu í lagi. Ef skoðun leiðir í ljós að t.d. mikil hálka er á laugarbakknum, ber að skrá það sem frávik (slysgildru/hættu) í dagbókina. Ef um bilun í snjóbræðslukerfi er að ræða ber að skrá við hverja var haft samband og hvenær þeir ætli að koma og laga snjóbræðslukerfið. Ef þeir geta ekki komið strax ber að gera aðrar ráðstafanir, s.s. að salta svæðið og/eða setja út áberandi skilti um að laugarbakkinn sé háll. Þessi bráðabirgðaúrræði ber einnig að skrá. Starfsmenn þurfa allan tímann sem gestir eru í lauginni að fylgjast með að söltunin hafi haft tilskilin áhrif og að hálka sé ekki að aukast vegna veðurfarsbreytinga.

45. Af hálfu stefnda hafa engin gögn verið lögð fram sem varpa ljósi á að skráning sem þessi hafi átt sér stað. Þá voru svör þeirra starfsmanna sem komu fyrir dóm alls ekki einsleit um það hvaða tíðni hefði verið á söltun sundlaugarbakkanna, hvort hún hefði farið fram eftir þörfum eða með tilteknu millibili og eins hvert það millibil hefði verið en nefndar voru 30, 40 og 45 mínútur. Af þessum svörum virðist mega draga þá ályktun að ekki hafi verið fast verklag á því hvernig þessu væri sinnt. Fyrir liggur einnig að flokksstjóri kvöldvaktar sem mætti stefnanda eftir slysið var að fara út til að salta upp úr klukkan 16:30 vegna ábendingar sundlaugargests um hálku vegna ísingar en ekki að eigin frumkvæði, þrátt fyrir að hafa þá verið í 30 mínútur á vaktinni. Þá virðist jafnframt mega álykta að þessi staðreynd bendi til þess að nokkuð lengri tími hafi verið liðinn frá síðustu söltun en hálf klukkustund í ljósi þess að hálkan var orðin slík að sundlaugargestir voru farnir að gefa sig að starfsmönnum sérstaklega til að vekja athygli á varasömum aðstæðum vegna hálku.
46. Þegar horft er til framangreinds verður ekki hjá því komist að leggja sönnunarbyrði fyrir því á stefnda Reykjavíkurborg að til fullnægjandi ráðstafana hafi verið gripið í tilefni af þeim sérstöku aðstæðum sem sköpuðust þennan tiltekna dag vegna ólags sem var á snjóbræðslukerfi Árbæjarlaugar.
47. Hvað sérstakar viðvaranir áhrærir liggur fyrir að stefnandi fór út úr innilaug eftir sundlauginni út í sundlaugina sem var utandyra þannig að hún gekk ekki út um þær dyr sem lágu út á sundlaugarsvæðið og voru með viðvörunarmerkingu. Enn fremur verður að horfa til þess að sú merking sem sést á ljósmynd í málinu, hálkuviðvörun á frístandandi staur sem festur var í steinundirstöðu og sneri að vaðlauginni, var ekki í sjónlínu þess sem var að ganga upp úr vaðlauginni áleiðis í heita pottinn sem er næst útganginum út úr húsinu sem stefnandi stefndi á, en stefnandi var að ganga stystu leið

frá lauginni að pottinum. Viðvörðun þessi hafði þannig takmarkað gildi í þessu tilviki, jafnvel þótt lagt verði til grundvallar að viðvörðunin hafi verið á staðnum þegar stefnandi slasaðist, en hún og eiginmaður hennar báru um að hafa ekki séð merkingu sem þessa þegar slysið átti sér stað. Í gögnum málsins kemur ekki fram hvenær nefnd ljósmynd er tekin en hún var í það minnsta ekki tekin á slysdegi. Í þessu sambandi verður ekki heldur fram hjá því litið að ósannað er að búið hafi verið að koma einhverjum öðrum sérstökum sérmerkingum til bráðabirgða fyrir á sundlaugarbakkanum eins og áskilið er í nefndri öryggishandbók frá Umhverfissráðuneytinu.

48. Samkvæmt framangreindu verður ekki hjá því komist að fella skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda á stefnda Reykjavíkurborg og þar með bótaábyrgð á meðstefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. þar sem stefndi Reykjavíkurborg hefur ekki risið undir sönnunarbyrði þess að hann hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana til að afstýra tjóni í þeim varasömu aðstæðum sem sköpuðust á slysdegi vegna ágalla á virkni snjóbræðslukerfis sundlaugarinnar.
49. Ekki eru forsendur til að fella eigin sök á stefnanda enda engum rökum skotið undir þann málaltilbúnað að hún hafi á einhvern hátt gengið fram af gáleysi. Þvert á móti var hún að ganga eðlilega leið á milli laugar og heits potts án þess að nokkuð liggi fyrir um að hún hafi með þeirri háttsemi sinni brugðið út af því sem vænta mátti um slíka göngu. Áréttta verður í þessu tilliti að ósannað er að á þessari leið hafi sérstökum viðvörðunarskiltum verið komið fyrir til að vara við þeim sérstöku aðstæðum sem voru þennan dag, þegar búnaður sá sem koma átti í veg fyrir íssöfnun á bökkum sundlaugarinnar var í ólagi. Verður því ekki fallist á að skerða beri rétt stefnanda til skaðabóta vegna eigin sakar eða á öðrum forsendum.
50. Verður þannig fallist á viðurkenningarkröfu stefnanda enda hefur hún leitt fullnægjandi líkur að tjóni sínu í skilningi 2. mgr. 25. gr. nr. 91/1991 um meðferð einkamála með læknisvottorði bæklunarskurðlæknis þar sem vottað er að eðli slyss stefnanda sé slíkt að hún muni búa við varanlegt mein vegna þess.
51. Eftir þessum málsúrslitum verða stefndu dæmdir til að greiða málskostnað stefnanda, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 27. júní 2023. Allur gjafsóknarkostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Þar með talin er þóknun lögmanns hennar, Ólafs Kjartanssonar, sem er hæfilega ákveðin 1.300.000 krónur og tiltekin er án tillits til virðisaukaskatts og ákveðin með hliðsjón af yfirliti yfir

vinnustundir og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 4. mgr. 128. gr. sömu laga, skulu stefndu greiða 1.612.000 krónur í málskostnað er renni í ríkissjóð.

Ólafur Kjartansson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Teitur Gissurarson lögmaður fyrir stefndu.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Skaðabótaskylda stefndu, Reykjavíkurborgar og Sjóvár-Almennra trygginga hf., gagnvart stefnanda, A, er viðurkennd. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ólafs Kjartanssonar, 1.300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Stefndu greiði 1.612.000 krónur í málskostnað er renni í ríkissjóð.